

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt skipulagsáætlanir sem hér segir:

Réttarhvoll 11-15 á Akralandi – 525-F – leiðrétting.

Hér með leiðréttist orðalag og staðföng í auglýstri deiliskipulagsbreytingu, birt með auglýsingu nr. 1134/2021 í B-deild Stjórnartíðinda 7. október 2021:

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðamörk milli Réttarhovls 13 og 15 breytast og lóð 13 er skipt upp í tvær einbýlishúsalóðir. Lóð Réttarhovls 11 stækkar til austurs. Þrjú bílastæði skulu vera innan allra lóða. Nýtingarhlutfall lóða 13a og 13b er 0,25. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Súluhöfði 5 – 115-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er gerð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér stækkun byggingarreits Súluhöfða 5 til suðurs. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Uglugata 40-46 – 302-Íb.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er gerð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér að sex eininga tveggja hæða raðhúsi við Uglugötu er breytt í átta eininga fjölbýli á tveimur hæðum, með staðföngin Uglugata 40 og 42. Tvö bílastæði fylgja íbúð. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Krókatjörn L125149 og L125150 – 516-F.

Deiliskipulagsbreytingin, sem er gerð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, felur í sér að 5,6 ha frístundasvæði norðan Krókatjarnar er skipt upp í þrjár frístundalóðir og eina sameignarlóð. Fyrir eru tvö hús á svæðinu. Aðkoma er um einkaveg sem tengist Nesjavallavegi. Byggingarskilmálar eru óbreyttir og nýtingarhlutfall samræmist aðalskipulagi. Annað í skipulaginu er óbreytt.

Ofangreindar skipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 24. febrúar 2022,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2022